



Fundur í sveitarstjórn

58. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Þórsveri miðvikudaginn 1. febrúar 2017 og hófst kl 17:00.

Mætt voru: Reynir Atli Jónsson oddviti, Þorsteinn Ægir Egilsson, Halldór Rúnar Stefánsson, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson og Svala Sævarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Fundargerð aðalfundar Eyþings dags 11 og 12 nóvember og fylgigögn
2. Fundargerð Atvinnu- og ferðamálanefndar dags 26. janúar 2017
3. Fundargerð Velferðarnefndar dags 26. janúar 2017
4. Fundargerð Fræðslunefndar dags 26. janúar 2017
5. Fundargerð Umhverfis og skipulagsnefndar dags 30. janúar 2017
6. Fundargerð Hafnarnefndar dags 31. janúar 2017
7. Innsent, Áætlun vegna dekkjakurls, Samband Íslenskra sveitarfélaga
8. Innsent erindi, bréf frá heiðabændum
9. Innsent erindi, Styrkumsókn, Einn blár strengur
10. Bakkafjörður, samskipti við Byggðastofnun
11. Svar við styrkumsókn, Orkustofnun, Varmadælu íþróttamiðstöð
12. Ljósleiðaravæðing Langanesbyggðar
13. Erindi frá Héraðsnefnd Þingeyinga, framtíðarskipan barnaverndarmála
14. Samningur (drög) við Norðurþing um samvinnu sveitarfélaga á sviði sérfræðisþjónustu leik- og grunnskóla og velferðarþjónustu
15. Reglur (drög) Langanesbyggðar um sérstakan húsnæðisstuðning
16. Fyrirspurn frá U-lista – Framkvæmdir Eignasjóðs, Grunnskólinn á Þórshöfn
17. Skýrsla sveitarstjóra

Fundargerð:

1. Fundargerð aðalfundar Eyþings dags 11 og 12 nóvember og fylgigögn.

Fundargerð og gögn lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð Atvinnu- og ferðamálanefndar dags 26. janúar 2017

1. Landsáætlun ferðamannastaða, drög að áætlun 2017.

Bókun: Sveitarstjórn samþykkir að staðfesta afgreiðslu nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar. Til máls tók Elías.



LANGANESBYGGÐ

3. Fundargerð Velferðarnefndar dags 26. janúar 2017

2. Forvarnaráætlun, sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar á forvarnaáætlun, tilmælum nefndarinnar um starfsmann er vísað til umræðu um fjárhagsáætlun 2018.

Bókun: Sveitarstjóra falið að ljúka gerð forvarnaráætlunar og birta á heimasíðu sveitarfélagsins. Samþykkt af Reyni, Halldóri, Þorsteini Vilberg og Þorsteini Ægi. Björn Guðmundur, Karl Ásberg og Halldóra Jóhanna sátu hjá.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar. Til máls tóku Halldóra og Elías.

4. Fundargerð Fræðslunefndar dags 26. janúar 2017

1. Tónlistarskóli,

Bókun: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar á skólanámskrá þó með þeirri breytingu að fella út úr plagginu lið 16. Jafnréttisáætlun Tónlistarskólans á Þórshöfn, enda er jafnréttisáætlun í gildi og má nálgast hana á heimasíðu Langanesbyggðar. Umræðu um endurskoðun gjaldskrár vísað til umræðu um fjárhagsáætlun 2018. Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar. Til máls tóku Halldóra og Elías.

5. Fundargerð Umhverfis og skipulagsnefndar dags 30. janúar 2017

1. Gistiheimilið Lyngholt

a. **Bókun:** Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar varðandi breytingu á sólstofu. Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

6. Fundargerð Hafnarnefndar dags 31. janúar 2017

Fundargerð lögð fram til kynningar. Til máls tóku Ásberg og Elías.

7. Innsent, Áætlun vegna dekkjakurla, Samband Íslenskra sveitarfélaga

Bréf lagt fram til kynningar.

8. Innsent erindi, bréf frá „heiðabændum“

Lagt er fram bréf sent af „heiðabændum“ með ýmsum ábendingum og fyrirspurnum.

Bókun: Sveitarstjórn þakkar bréfiturum erindið og vísar því eftir atvikum til Landbúnaðarnefndar, Umhverfis- og skipulagsnefndar og Atvinnu og ferðamálanefndar til umfjöllunar. Samþykkt samhljóða. Til máls tóku Halldóra og Elías.

9. Innsent erindi, Styrkumsókn, Einn blár strengur

Lögð er fram styrkumsókn að fjárhæð kr. 200.000,- vegna átaksverkefnis meistaránema og kennara á Heilbrigðisvísindasviði Háskólans á Akureyri.

Bókun: Sveitarstjórn sér ekki fært að verða við erindinu.

Samþykkt samhljóða

10. Bakkafjörður, samskipti við Byggðastofnun



LANGANESBYGGÐ

Fram eru lögð til kynningar bréf og tölvupóstar sem innifela samskipti milli Áka Guðmundssonar, Byggðastofnunar og sveitarstjóra vegna erfiðrar stöðu í atvinnumálum á Bakkafirði.

Bókun: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða málið áfram við aðila máls ásamt og að ræða við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, meðal annars um stofnun hóps áhugamanna um velferð Bakkafjarðar. Samþykkt samhljóða. Til máls tóku Elías, Ásberg, Björn og Halldóra.

11. Svar við styrkumsókn, Orkustofnun, Varmadætur við íþróttamiðstöð.

Fram er lögð afgreiðsla umsókna um sérstaka styrki Orkusjóðs 2016, niðurstaðan er að veita verkefninu „Varmadæla við íþróttahúsið á Þórshöfn“ styrk að fjárhæð 8 millj. króna sem er hámarksstyrkur af áætluðum kostnaði við varmadæluvæðingu íþróttamiðstöðvarinnar samkvæmt kostnaðaráætlun.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar fagnar veittum styrk og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram. Samþykkt af Halldóri, Reyni, Þorsteini Æ. og Þorsteini V. Björn, Ásberg og Halldóra sátu hjá. Til máls tóku Elías og Ásberg.

12. Ljósleiðaravæðing Langanesbyggðar, staða mála.

Fram eru lögð gögn vegna hugsanlegrar ljósleiðaravæðingar 30 heimila og fyrirtækja í dreifbýli Langanesbyggðar, framkvæmdakostnaður er áætlaður 61 millj. króna. Þann 11. janúar sl. lagði Langanesbyggð inn svokallaða A-hluta umsókn, niðurstaða þess ferlis var að tvö sveitarfélög eru talin styrkhæf. Þau eru Langanesbyggð og Þingeyjasveit. Í framhaldi af því voru unnar umsóknir í B-hluta ferlisins og var þeim skilað inn á tilsettum tíma, niðurstaða þeirra umsókna verður gerð opinber í dag.

Einnig hefur verið úthlutað sérstökum byggðastyrk vegna uppbyggingar ljósleiðarakerfis, í hlut Langanesbyggðar komu 6,4 millj. króna

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að vinna málið áfram og upplýsa sveitarstjórn þegar niðurstaða útboðs liggur fyrir. Samþykkt af Halldóri, Reyni, Þorsteini Æ. og Þorsteini V. Björn, Ásberg og Halldóra sátu hjá. Til máls tóku Elías, Halldór og Ásberg.

13. Erindi frá Héraðsnefnd Þingeyinga, framtíðarskipan barnaverndarmála

Lagt er fram erindi frá Héraðsnefnd Þingeyinga er varðar skipan sameiginlegrar barnaverndarnefndar.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að skipuð verði sameiginleg barnaverndarnefnd aðildarsveitarfélaga Héraðsnefndar Þingeyinga bs. á grundvelli 3. mgr. 10. gr. barnaverndalaga nr. 80/2002, sbr. bókun fulltrúaráðs byggðasamlagsins 18. nóvember 2016 og bætist svohljóðandi liður við verkefnalista 3. gr. stofnsamnings byggðasamlagsins: „Barnaverndarnefnd skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002.“

Um frekari útfærslu er vísað til erindisbréfs fyrir nefndina sem framkvæmdastjórn byggðasamlagsins hefur samið í umboði fulltrúaráðsins. Samþykkt samhljóða.



LANGANESBYGGÐ

14. Samningur við Norðurþing um samvinnu sveitarfélaga á sviði sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla og velferðarþjónustu

Lögð eru fram til kynningar drög að samningi um samvinnu sveitarfélaga á sviði sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla og félagsþjónustu ásamt drögum að verklagi við framkvæmd samningsins. Drögin eru unnin á grunni gildandi samnings og þeim ábendingum sem komið hafa fram. Velferðarnefnd Langanesbyggðar og Fræðslunefnd Langanesbyggðar hafa fjallað um samningsdrögin og gefið þeim jákvæða umsögn ásamt og að koma með ábendingar.

Bókun: Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og leggja samning fyrir sveitarstjórn. Samþykkt af Halldóri, Reyni, Þorsteini Æ. og Þorsteini V. Björn, Ásberg og Halldóra sátu hjá.

Til máls tóku Elías, Halldóra og Björn Guðmundur.

15. Reglur Langanesbyggðar um sérstakan húsnæðisstuðning.

Fram eru lögð drög að reglum Langanesbyggðar um sérstakan húsnæðisstuðning. Reglurnar fjalla um sérstakan húsnæðisstuðning samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Bókun: Sveitarstjórn samþykkir framlögð drög og felur sveitarstjóra að ljúka málinu með birtingu reglnanna. Samþykkt af Halldóri, Reyni, Þorsteini Æ. og Þorsteini V. Björn, Ásberg og Halldóra sátu hjá. Til máls tóku Halldóra og Elías.

16. Fyrirspurn frá U-lista – Framkvæmdir Eignasjóðs, Grunnskólinn á Þórshöfn.

Með tölvupósti dags 30.01 2017 óskaði U-listi eftir því að tekin væri á dagskrá fyrirspurn vegna kostnaðar við endurbætur og uppgerð húsnæðis Grunnskólans á Þórshöfn. Vísað var í tölvupóstinum til fyrirspurnar sem lögð var fram á fundi sveitarstjórnar þann 15.12 2016 og svarað var munnlega og síðan með ítarlegri bókun á fundi sveitarstjórnar þann 12.01 2016.

Fyrirspurn U-lista var eftirfarandi.

- Hver er staðan á kostnaðinum við verkið núna?*
- Hver er áætlaður lokakostnaður við verkið?*
- Hver er áætlaður lokakostnaður við verkið með loftræstikerfinu?*
- Hvenær er áætlað að verklok verði?*

Kostnaður við verkið, þ.e. endurnýjun Grunnskólans verður, eins og fram hefur komið áður, nálægt 153 milljónum króna að meðtöldu loftræstikerfi. Kostnaður vegna endurgerðar skólans að frádregnu loftræstikerfi er um 140 milljónir króna eða nálægt 230.000 á fermeter endurnýjaðs og eða endurbyggðs rýmis og 251.000 ef kostnaður við loftræstikerfi er innifalinn. Verkinu er að fullu lokið utan að eftir er að setja loftræstisamstæðu upp, því mun ljúka mjög fljótlega. Ljóst er að áætlun ráðgjafa og fagmanna var mun lægri en sem nam endanlegum framkvæmdakostnaði, það á einnig við um endurskoðaða áætlun sem vitnað var til á fundi sveitarstjórnar í byrjun ágúst 2016. Það



LANGANESBYGGÐ

er miður, en ekki mjög óvænt þegar horft er til eðlis verkefnisins og þess mjög svo slæga viðhalds sem eignin hafði notið um árábil. Geta má þess að á seinnihluta síðasta kjörtímabils lét sveitarfélagið, í tengslum við hönnun á samtengdum leikskóla, vinna kostnaðaráætlun um umfangsmiklar breytingar og endurnýjun á núverandi skólahúsnaði, sú áætlun hljóðaði upp á tæpar 30 milljónir. Ljóst er að sú áætlun var fjarri öllum veruleika. Ástæður mikillar aukningar á framkvæmdakostnaði hafa ítrekað verið kynntar fyrir kjörnum fulltrúum og verða því ekki tíundaðar sérstaklega hér utan að vísa t.d. til minnisblaðs sem lagt var fram á fundi sveitarstjórnar þann 24.11 2016.

Björn Guðmundur las eftirfarandi bókun:

Bókun frá U - listanum vegna lagfæringar GP, febrúar 2017:

Á síðasta fundi sveitarstjórnar sem var haldinn 12 janúar síðastliðinn kom meirihlutinn með bókun undir lið um lagfæringar á Grunnskólanum á Þórshöfn (GP). Það er ýmislegt athugavert við þessa bókun og vill U listinn koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Við ítrekum fyrri bókanir frá U listanum um málefnið sem hafa komið fram á fundum sveitarstjórnar 12. janúar og 15. desember.

Það er ljóst að það var staðið mjög illa að öllum undirbúningi á undirbúningstímanum og léleg stjórnun á verkinu á verk tíma við lagfæringarnar á Grunnskólanum á Þórshöfn. Öllum fulltrúum sveitarstjórnar Langanesbyggðar ætti að vera ljóst að þegar kostnaður framkvæmda fer langt fram úr áætlunum, þá er það okkar hlutverk að kafa ofan í framkvæmdina og finna orsök og afleiðingar og þar til nú, hefur það venjulega verið gert, í flestum málum. Ákveðinnar tregðu hefur gætt hjá meirihluta sveitarstjórnar, sem og sveitarstjóra, að greina það sem miður fór í framkvæmdum við G.P, og hvers vegna. Alveg ljóst er að rekstur sveitarfélagsins breytist töluvert við þessa framkvæmd og mögulegt fjármagn til framkvæmda næstu ára mun skerðast umtalsvert.

Sveitarstjóra ber að halda fulltrúum í sveitarstjórn vel upplýstum um stöðu og rekstur sveitarfélagsins og á meðan ein stærsta framkvæmd Langanesbyggðar síðustu ára stóð sem hæst við Grunnskólann á Þórshöfn og kostnaður fór fram úr öllum áætlunum, var enginn fundur haldinn hjá sveitarstjórn þ.e. frá 30 júní til 12 ágúst. (það er rangt sem kom fram í bókun meirihlutans að það hefði verið fundur 2 ágúst). Engin gögn komu fram á þessum tíma um lagfæringar á G.P nema myndir sem voru sendar án skýringar og sögðu ekki mikið um hvað var í gangi eða hvaða þróun væri í gangi á verkinu, sem og peningalegu stöðu verkefnisins. Aldrei var boðið upp á vinnufundi um verkefnið.

Það ætti engum að teljast óeðlilegt að U-listinn gagnrýni slík vinnubrögð sveitarstjóra og meirihluta því það er jú sveitarstjórn sem ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri sveitarsjóðs.

Ekki vitum við á hvaða vegferð meirihluti og sveitarstjóri eru með því að gefa það í skyn að U listinn hafi ekki skilning á réttindum og skyldum sveitarstjórnarmanna. Í VII kafla sveitarstjórnarlaga frá 2011 og eru í gildi í dag þá kemur eftirfarandi fram:



LANGANESBYGGÐ

58. gr. *Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar.*

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

- 1. staðfestingu ársreiknings,*
- 2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,*
- 3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,*
- 4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,*
- 5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélags,*
- 6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,*
- 7. álagningu skatta og gjalda.*
- 8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.*

Einnig kemur fram í 48 gr í samþykktum Lnb að óheimilt er að fara í kostnaðarmiklar framkvæmdir nema áður hafi verið samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun. Þetta var ekki gert. Samþykktur var viðauki þann 24 nóvember af meirihluta svstj mörgum mánuðum eftir að kostnaður myndaðist.

Það er óvæfengjanleg staðreynd að ekki var farið eftir 48 gr og 58 gr. samþykktu Langanesbyggðar í þessari framkvæmd og skiptir þar engu máli hversu margar bókanir meirihlutans reyni að segja til um eitthvað annað.

Það að ætla að upphefja sjálfan sig á kostnað fyrrverandi sveitarstjóra og sveitarstjórnarmanna á svona ómerkilegan hátt er með eindæmum. Við treystum okkur til að fullyrða fyrir þeirra hönd að ef þeim hefði verið kunnugt það sem kom í ljós fyrri hluta árs 2016 um ástand húsnæðis Grunnskólans á Þórshöfn þá hefðu þeir brugðist við því á viðhlítandi hátt.

Vert er að benda á það að strax var farið í nauðsynlegar framkvæmdir í kjölfar skýrslu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands Eystra frá árinu 2012. Það er því rangt sem kemur fram hjá meirihluta að ekki hafi verið brugðist við í samræmi við vitneskju þess tíma. Einnig var á teikniborðinu að setja upp loftræstikerfi samhliða byggingu nýs leikskóla. Bendum við á eftirfarandi bókun í fundargerð fræðslunefndar frá 10 september 2013 sem er frá þáverandi skólastjóra GÞ og er svohljóðandi: „*Mikill munur á skólastarfinu og mikill munur að fá þessar viðbótar stofur. Viðhaldið sem unnið var og gerðar voru í sumar voru góðar og allt annað loft í skólanum.*“

Það virðist ganga illa hjá núverandi meirihluta að skilja að minnihlutinn treystir sér ekki að gefnu tilefni til að fela sveitarstjóranum einhver verkefni eins og núna hefur sannast enn einu sinni við framkvæmdina við GÞ. Það er ástæða þess að við sitjum hjá eins og margoft hefur komið fram.

U listinn ítrekar fyrri bókun um að á aukafundi sveitarstjórnar þann 12 ágúst síðastliðinn sagði sveitarstjóri okkur að verkið væri á kostnaðaráætlun, sagði að sumt hefði hækkað en annað hefði lækkað. U listinn veit ekki hver kostnaðurinn við verkið er orðinn þann 30. janúar 2017, því spurningum U listans þegar spurt er hvað kostnaðurinn sé komin í



LANGANESBYGGÐ

hefur ekki verið svarað. En við vitum þó samkvæmt fyrri upplýsingum að kostnaðurinn fyrir utan loftræstikerfið var komin í um 140 m.kr. í nóvember síðastliðnum. Eða helmingi hærri en sagt var að kostnaðurinn yrði um miðjan ágúst.

Síðustu ár hafa kröfur um rekstur sveitarfélaga verið á þann hátt að stefnt skal að hallalausum rekstri A-hluta sveitarfélagsins. Þessum kröfum hefur Langanesbyggð orðið við, og tekjufærslur frá B til A hluta sveitarsjóðs hafa aukist mjög mikið undanfarin ár og vegna þessa hefur rekstur A hluta sveitarsjóðs batnað til muna, eins og meirihluti sveitarstjórnar hefur réttilega bent á en miðað við bókun meirihlutans á síðasta sveitarstjórnarfundum virðist meirihluta ekki ljóst að tekjur B-hluta lækka um sömu upphæð og því kjósa fulltrúar U-listans í sveitarstjórn að horfa á heildar niðurstöðu A og B hluta rekstrar síðustu ára, þar sem sú niðurstaða segir okkur sannarlega niðurstöðu á rekstri sveitarfélagsins í heild sinni og skiptir þar engu hversu miklar millifærslur hafa verið á milli A og B hluta. Það er ábyrgðarhluti, hjá meirihluta og sveitarstjóra, að vera vísitandi að senda frá sér villandi upplýsingar til íbúa sveitarfélagsins.

Vegna framsetningar meirihlutans á rekstri svf er vert að benda á að rekstrarniðurstöður A og B hluta fyrir sömu tímabil og kom fram í bókun meirihlutans er plús 28 m.kr fyrir árin 2007 til 2014 og plús 21,3 m.kr fyrir árin 2011 til 2014.

Vegna ummæla meirihlutans um rekstur sveitarsjóðs haustið 2014 þá er það mat U listans að þessu hafi verið þveröfugt farið og hægt hefði verið að gera mun betur í rekstri sveitarsjóðs.

Það er skylda allra sveitarstjórnarfulltrúa sem og sveitarstjóra að gæta aðhalds í rekstri sveitarfélagsins og horfa til framtíðar sem og að kafa ofan í aukinn kostnað og lækkandi tekjur, finna lausnir og orsakir og bregðast fljótt við. Mat fulltrúa U-listans í sveitarstjórn er að þar hafi ekki verið staðið nógu vel að málum, við vekjum máls á því og gerum athugasemdir vegna þess –því það er eitt af okkar hlutverkum.

Reynir Atli bað um fundarhlé kl.18.20. Fundur settur á ný kl.19.06

Bókun frá meirihluta: Í ofangerðri greinargerð frá U-Lista er mikið um rangfærslur og útúrsmúninga sem meirihluti gefur sér rétt til að svara seinna. Ásberg tók til máls.

Reynir Atli bað um fundarhlé. Fundur settur á ný. Til máls tóku Elías, Ásberg, Reynir, Halldór og Þorsteinn Ægir.

17. Skýrsla sveitarstjóra.

Utan þeirra atriða sem hér að framan eru talin þá hefur sveitarstjóri undanfarið unnið að eftirfarandi málum.

- Fundað var á Bakkafirði með stjórn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, á fundinn var boðið oddvita Langanesbyggðar og fólki úr atvinnulífi Bakkfirðinga
- Unnið hefur verið að ýmsum frágangi er varðar samning sveitarfélaga og ríkis vegna hjúkrunarheimila, hefur sú vinna aðallega snúið að greiningu lífeyris-skuldbindinga sem ríkið tekur yfir.



LANGANESBYGGÐ

- Unnið hefur verið að samningi um sorphirðu, sú vinna hefur reynst tímafrekari en vonir stóðu til. Að hluta vegna eldri uppgjörsmála sem nú sér fyrir endann á.
- Sveitarstjóri sótti fund framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga, á fundinn kom sýslumaður Þingeyinga og er ljóst á máli hans að þörf er á aukinni varðstöðu um embættið.
- Sveitarstjóri sótti stjórnarfund í Eyþingi, var á fundinum farið yfir vinnu vegna úrgangsmála á svæðinu, sóknaráætlun var rædd og farið yfir starf Eyþings. Fundargerð er í vinnslu og verður lögð fyrir næsta fund sveitarstjórnar
- Sveitarstjóri hefur átt í samskiptum við samstarfsaðila Langanesbyggðar í Finnaþingarverkefninu, munu hann og varaoddviti Vopnaþingarhrepps sækja fund með forsvarsmönnum bremenports um miðjan febrúar. Fundurinn er haldinn með vísan til ákvæðis í viljayfirlýsingu um fund í upphafi hvers árs hvar farið skal yfir verkefni liðins árs og komandi.
- Verið er í samvinnu við byggingarfulltrúa að leggja drög að því að koma tiltækum teikningum af húsum í Langanesbyggð á stafrænt form, í framhaldinu eru uppi áform um að gera teikningar aðgengilegar á vef sveitarfélagsins
- Unnið er að uppgjöri fyrir 2016, óendurskoðað uppgjör verður lagt fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

Fundargerð upplesin, samþykkt samhljóða og fundi slitið kl. 19.42.